

Ed.

137. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum um gagnfræðaskóla á Akureyri,
10. nóvember 1903.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Kennarar skólans eru 4 og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og öllum eigum. Hann hefir að árslaunum 3000 krónur og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2200 kr., annar kennari 2000 kr. og þriðji kennari 1800 kr. að árslaunum.

2. gr.

Þeir nemendur, er hafa heimavist í skólanum, skulu greiða 5 kr. en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í skólasjóð í byrjun hvers skólaárs. Skólasjóð skal varið skólanum til stuðnings og eflingar samkvæmt skipulagsskrá, er stjórnarráðið semur eftir tillögum skólameistara.

3. gr.

Með lögum þessum eru 3. og 4. gr. í lögum um gagnfræðaskóla á Akureyri 10. nóv. 1903 úr gildi feldar.